

Auk þess sem Ingólfur Arnarsson sýnir á Kjarvalsstöðum sýnir hann í Ingólfsstræti 8 og er myndin tekin af honum þar.

Kjarval, Ingólfur, Debré og Val fólksins

Um síðustu helgi voru opnaðar fjórar sýningar á Kjarvalsstöðum. Í vestursal sýnir Oliver Debré sem allan sinn listferil hefur verið búsettur í París. Hann sýndi fyrst árið 1940 expressioniskar abstrakstmyndir sem höfðu þá til að bera fjarlæga vísun í raunveruleikann. Eftir 1960 verður mikil breyting á list hans þegar hann stækkar myndir sínar og einfaldar formin. Myndir hans á Kjarvalsstöðum eru frá seinna tímabilinu og kemur sýningin frá París.

Ingólfur Arnarsson sýnir ný verk í miðsal. Ingólfur kom fram á sjónarsviðið í lok áttunda áratugarins eftir að hafa verið við nám í Hollandi. Hann vann fyrst með hugmyndafræði-

Sýningar

leg verk en tileinkaði sér síðan óhlutlægt myndmál sem hann hefur þróað á einkar persónulegan hátt. Ingólfur vinnur annars vegar teikningar á pappír og hins vegar málar hann með vatnslitum á steinsteypu.

Í austursal er sýning á verkum eftir Kjarval. Það er myndlistarmaðurinn Helgi Þorgils Friðjónsson sem hefur valið á þriðja hundrað teikninga sem ekki hafa verið sýndar áður.

Í vesturforsasl eru svo tvö verk eftir Komar og Melamid sem heita Val fólksins. Eru þetta verk sem eru gerð samkvæmt skoðanakönnun meðal Íslendinga um hvert sé eftirsóttasta verk og hvert sé síst eftirsótta verk Íslendinga.

Sigurður og Kristján í Kaffi Reykjavík

Í kvöld skemmtir dúettinn Sigurður Dagbjarts og Kristján Óskarsson í Kaffi Reykjavík.

Samkomur

Fyrirlestur í Odda

Tómas Hansson talar um peningaeftirspurn og viðskiptakostnað á vegum málstofu í hagfræði í Odda, 3. hæð, kl. 16.15 í dag. Allir velkomnir.

Tvímenningur


Spilaður verður tvímenningur á vegum Félags eldri borgara í Kópavogi í kvöld kl. 19.00 að Fannborg 8 (Gjábakka).

KÍNA
–leikur að læra!
Birt með fyrirvara um prentvillur.

Vinningstölur 15. janúar 1996

2•5•7•11•14•17•30

Eldri úrslit á símsvara 568 1511



Sól Dögg á Gauki á Stöng:

Lög sem gott er að hrista sig við

Hljómsveitin Sól Dögg leikur á Gauki á Stöng í kvöld og annað kvöld. Sól Dögg er orðin vel þekkt hljómsveit í skemmtanalífinu. Hún lék víða um land á síðastliðnu ári við góðar undirtektir og ætlar hljómsveitin að halda ótrauð áfram á þessu ári. Að sögn meðlima hennar samanstendur tónlist hljómsveitarinnar af hressum lögum úr ýmsum áttum, lögum sem gott er að hrista sig við, eins og diskó, soul, rokk og fl.

Skemmtanir

Meðlimir Sól Daggar eru Bergsveinn Arelíusson, söngur, Ásgeir Ásgeirsson, gítar, Eiður Alfreðsson, bassi, Baldwin A.B. Aalen, trommur, og Stefán H. Henrýsson, hljómborð. Það má búast við góðri stemningu hjá strákunum í Sól Dögg en þeir hefja leik um ellefuleytið.




Sól Dögg leikur á Gauknum í kvöld og annað kvöld.

Víða er nokkur hálka

Allir helstu þjóðvegir landsins eru færir en hálka er nokkur, einkum á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Snjór er ekki mikill á þjóðvegum landsins en þó á sumum leið-

Færð á vegum

um, má þar nefna Borgarfjörðinn og Snæfellsnesið. Allir vegir eru þó vel færir. Einstaka heiðar eru ófærar, má þar nefna Hellisheiði eystri, Mjóafjarðarheiði, Öxarfjarðarheiði og Lágheiði. Dynjandisheiði er þungfær og á Eyrarfjalli fyrir vestan er aðeins jeppaslóð.





Systir Arons Vals og Evu Drafnar

Litla myndarlega stúlkan á myndinni fæddist á fæðingardeild Landspítalans 10. janúar kl. 16.20. Hún var við fæðingu 4.605 grömm að þyngd og 55 sentímetra löng. Foreldrar hennar eru Íris Dröfn Smáradóttir og Þorsteinn Valur Ágústsson. Hún á tvö systkin, Aron Val, sem er 7 ára, og Evu Dröfn, sem er 4 ára.

Barn dagsins



Pocahontas ásamt vini sínum Meeko.

Pocahontas

Pocahontas, sem Sam-bíóin hafa sýnt frá jólum, er teiknimynd sem byggð er á sönnum atburðum um ævi ungrar indíánastúlku sem lengi hefur verið þjóðsagnapersóna. Kemur myndin fyrir augu íslenskra áhorfenda með íslensku tali sem Ágúst Guðmundsson hefur stjórnað upptöku á. Þetta er í fyrsta skipti sem Disney-fyrirtækið gerir teiknimynd þar sem fjallað er um persónu sem var til.

Myndin hefst árið 1607 þegar hópur breskra ævintýramanna kemur til „nýja landsins". Í hópnum er einnig hinn ungi og hugrakki hermaður, John Smith, sem er í ævintýraleit. Um sama leyti kynnumst við ungri indíánastúlku, Pocahontas sem elst upp í Virginíu. Henni er ætlað að giftast stríðsmanninum

Kvikmyndir

Kocoum en er ekki viss um tilfinningar sínar. Á ferð sinni um ókunnar slóðir er John Smith handtekinn af indíánum. Hann hafði áður kynnst Pocahontas og bjargar hún lífi hans.

Pocahontas er þrítugasta og þriðja teiknimyndin í fullri lengd sem kemur frá Walt Disney, en í þessum flokki eru margar kvikmyndir sem hafa orðið klassískar með árunum.

Nýjar myndir

Háskólabíó: Ameríski forsetinn
Laugarásbíó: Agnes
Saga-bíó: Algjör jólasveinn
Bíóhöllin: Pocahontas
Bíóborgin: Ace Ventura
Regnboginn: Borg týndu barnanna
Stjörnubíó: Vandræðagemlingar


Gengið

Almenn gengisskráning LÍ nr. 10 16. janúar 1996 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	65,660	66,000	65,260
Pund	101,300	101,810	101,500
Kan. dollar	48,160	48,460	48,060
Dönsk kr.	11,6680	11,7300	11,7700
Norsk kr.	10,2830	10,3400	10,3250
Sænsk kr.	9,9420	9,9960	9,8030
Fi. mark	14,9310	15,0190	14,0963
Fra. franki	13,2020	13,2770	13,3270
Belg. franki	2,1936	2,2068	2,2179
Sviss. franki	56,1500	56,4600	56,6000
Holl. gyllini	40,2400	40,4800	40,7000
Þýskt mark	45,0800	45,3100	45,5500
Ít. líra	0,04162	0,04188	0,04122
Aust. sch.	6,4090	6,4480	6,4770
Port. escudo	0,4355	0,4383	0,4362
Spá. peseti	0,5361	0,5395	0,5385
Jap. yen	0,62130	0,62500	0,63580
Írskt pund	104,820	105,470	104,790
SDR	96,49000	97,07000	97,14000
ECU	83,4300	83,9300	83,6100

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270

Krossgátan



Lárétt: 1 þrjót, 8 áköf, 9 tryllti, 10 megnaði, 11 varga, 13 lögun, 14 erlendis, 16 ás, 18 flökt, 19 snemma, 20 verri, 22 fiskurinn.

Lóðrétt: 1 hlýðin, 2 niður, 3 illkvittins, 4 kurteisi, 5 til, 6 afturkallar, 7 bleytu, 12 svaf, 13 skömm, 15 ástundunarsöm, 17 heiður, 21 klaki.

Lausn á síðustu krossgátu.

Lárétt: 1 hastur, 8 óða, 9 ítök, 10 ferð, 11 aki, 12 sigur, 14 ká, 16 ana, 17 naum, 19 staura, 21 tróð, 22 man.

Lóðrétt: 1 hófsamt, 2 aðeins, 3 sarga, 4 tíð, 5 utar, 6 rökkur, 7 æki, 13 unað, 15 áman, 18 aum, 20 tó.